




Bitsboard



Bekkir og verkefni



Hér eru leiðbeiningar um hvernig eigi að búa til bekkji, bjóða nemendum þangað og deila verkefnum. Kennarinn er með **Bitsboard Pro** appið sem kostar. Nemandinn er með fríu útgáfuna af **Bitsboard** (Flashcards & Games)




Bekkir eru búnir til inn á svæði kennarans.

Til að komast inn á svæðið er smellt á nafn kennarans og tannhjólið (user settings).

Þá er valið **classes**, síðan + hnappurinn og bekknum gefið heiti.




Í bekk geta verið einn eða fleiri nemendur.



Þegar bekkur hefur verið stofnaður með heiti eru verkefni (boards) sett inn með því að velja + í **Select Boards**. Einnig er hægt að eyða út verkefnum ef þau eiga ekki lengur við. Verkefni þarf að búa til áður.


Fyrir neðan verkefni verður til listi með þeim sem hafa aðgang að bekknum undir **MEMBERS**.

Kennarinn kemur efst og síðan er nemendum boðið inn í bekkinn. Best er að bjóða með því að senda nemendum **tölvupóst**.



Á myndinni hér til hliðar hefur verið valinn bekkur er hefur heitið **3. bekkur**.

Eins og sést hefur kennarinn valið 4 verkefni fyrir bekkinn. Fyrir neðan verkefni kemur fram nafn kennarans. Næsta skref er að velja þá nemendur sem eiga að vera í bekknum. Það er gert með því að ýta á + hnappinn í sömu línu og MEMBERS og kennarinn fylgir síðan leiðbeiningum. Mælt er með því að bjóða nemanda til bekkjar með því að senda honum tölvupóst.



Hér til hliðar sést sú orðsending sem fer til nemandans.

Kennarinn sér ekki nemendurna inni í bekknum fyrr en **nemandinn hefur opnað tölvupóstinn og framkvæmt ákveðin atriði** til að tengjast kennaranum og bekknum.

Nú er komið að því að skoða hvað nemandinn gerir þegar hann hefur fengið tölvupóstinn frá kennaranum.



I have shared a new class with you.

To join the class, just do the following:

1. Download Bitsboard from Apple's App Store.
2. Launch the Bitsboard app and login with your account
3. Now click on the attachment below, press on the "Share icon" and select "Copy to Bitsboard"

IMPORTANT: This works best while using Apple's native mail app on your iPhone or iPad.


That's it! :-)

PS: Here is the link in case you need to download the app: [Download Bitsboard](#)

Með bestu kveðju

...

collections.bitsbo
ardemail
bitsboarde...




Eins og stendur í bréfinu þarf nemandinn að gera þrennt til að komast inn í bekkinn:

Hlaða niður Bitsboard appinu af App Store (ef App store er ekki opið þarf að biðja tölvuumsjónarmann skólans um að hlaða því niður í tækin).

Opna Bitsboard appið og **skrá sig inn** með nafni.


Smella á **viðhengið** neðst í bréfinu, velja **"Share icon"** og síðan **"Copy to Bitsboard"**.




Pegar nemandinn hefur tengt sig inn með þessum hætti er tvennt sem gerist.

1. Hann sér **bekkinn** sem honum hefur verið boðið inn í og einnig verkefni sem kennarinn hefur sett inn.
2. Kennarinn sér **nafn nemandans** í bekknum undir "Members".

Nemandinn



Kennarinn



Að lokum

Með því að stofna bekk og setja þar inn verkefni getur kennarinn haft góða stjórn á verkefnavinnu nemenda sinna. Þegar nýjum verkefnum er bætt inn birtast þau strax hjá nemandanum. Að sama skapi hverfa þau ef kennarinn ákveður að ekki sé þörf fyrir þau lengur og hendir þeim út. Nemandinn sér alltaf í hverju er brýnast að æfa sig í inni í bekknum sínum á Bitsboard.

